



Akureyri 2. maí 2022

**Kæru félagar AkureyrarAkademíunnar og aðrir velunnarar.**

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) 2022 fer fram þriðjudaginn 24. maí nk. og hefst kl. 19:30. Fundurinn er í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri.

Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðun reikninga.
3. Upptalning fulltrúa.
4. Kjör formanns og fulltrúaráðs.
5. Fjárhagsáætlun og árgjald.
6. Breytingar á skipulagsskrá.
7. Önnur mál.

Árgjald vegna ársfundar 2022 er kr. 1.500 sem hefur borist í ykkar heimabanka. Með því að greiða árgjaldið gerist þið fulltrúar AkAk starfsárið 2022-2023. Vakin er athygli á að samkvæmt 5. gr. skipulagsskrár AkAk er atkvæðisréttur á ársfundi bundinn við þá sem greiða árgjald fyrir ársfund en fundurinn er engu að síður öllum opinn.

Eftir ársfundinn verður boðið upp á léttar veitingar.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar þakkar fyrir samstarfið á árinu og vonast til að sjá ykkur sem flest á ársfundinum.

Bestu kveðjur

F.h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Steinunn A. Ólafsdóttir  
Formaður stjórnar